

**54** Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirrituðum amtmanni til þess  
7. maí að öðlast gildi 1. septbr. 1902. Þetta kunngjörst hjer með öllum hlutaðeigend-  
um til eptirbreytni.

Íslands Norður- og Austuramt.

Akureyri 7. maí 1902.

*Páll Briem.*

## Auglýsing

**55** um breyting á 19. gr. Ferjulaga fyrir Árnessýslu, 17. maí 1901.  
22. maí

1. Eptir orðin: »klyffjar af hesti, ef fleiri eru . . . . Kr. 0,20«, bætist: »Fyrir flutning, er nemur 40—120 pd. . . . Kr. 0,10«.
2. Síðasta málsgrein: »Ferðamaður, sem« o. s. frv., verður þannig: »Ferðamaður, sem flytur farangur eða skepnur, svo nemi 1 kr. ferjutolli eða meiru, þarf ekki að borga ferjutoll fyrir sjálfan sig eða þá menn, sem hann hefir með sjer til nauðsynlegrar aðstöðar«.

Framanrituð breyting á 19. gr. hinna guldandi ferjulaga fyrir Árnessýslu, 17. maí 1901, sem sýslunefndin þar hefir samið og samþykkt, er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni, samkvæmt kgsbr. 29. apríl 1776, 6. gr. til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1902, og kunngjörð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtíð, Reykjavík, 22. maí 1902.

*J. Havsteen.*

**56**  
12. maí

## Reglugjörð

fyrir

Vesturísafjarðarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld o. fl.

Amtsráðið í Vesturamntinu  
Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum, 22. marz 1890, er hjer með staðfest og löggilt eptirfarandi

### Reglugjörð

fyrir Vesturísafjarðarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld o. fl., sem samin er af sýslunefndinni þar og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1902.

#### I. kafi um fjármörk.

1. gr.

Sjerhver fjáreigandi er skyldur til að hafa glöggt mark á fje sínu, en